

**Ed.**

## **549. Nefndarætt**

um frv. til áfengislaga.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Við höfum viljað fallast á það, að löggjöf þessari væri komið að öllu leyti í það horf, sem bannmenn óska, til þess að enn verði reynt, hvort löggjöfin gefi þá betri raun en að undanförunu; þó gerum við þá kröfu, að í engu sje haggð ákvæðum laga nr. 3, 4. apríl 1923, um undanþágu frá lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi, því að á þeim lögum byggist nú samningur vor við Spánverja um tollviltun fyrir íslenskan saltfisk. Meiri hlutinn telur sig að visu einnig þessu fylgjandi, en hefir ekki viljað fallast á að bera fram brtt., sem við teljum óþjákvæmilega til þess, að þetta frv. fari ekki í bága við nefnd lög frá 1923. Er það 10. breytingartillaga okkar, og verðum við að gera samþykkt hennar, eða tilsvarendi ákvæðis, að skilyrði fyrir fylgi okkar við frv. Jafnframt berum við fram nokkrar aðrar brtt., sem við teljum, að í engu dragi úr framkvæmd aðflutningsbannsins, og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu.

### **BREYTINGARTILLÖGUR.**

1. Við 1. gr. Fyrir orðin »sannað sje« í 2. málsg. komi: allar líkur bendi til.
2. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: eða til skemtiferðaskipa, enda flytji þau ekki farþega hingað aðra en þá, sem búa í skipinu meðan það stendur við hjer við land og fara með því aftur, og ekki aðra farþega hjeðan.
3. Við 21. gr. Fyrir »neyslu« í 2. málsg. komi: nautna.
4. Við 23. gr. Á eftir orðunum »sölu eða veitingu áfengis« komi: í atvinnuskyni.
5. Við 30. gr. Fyrir »neyslu« í síðustu málsg. komi: nautna.
6. Við 33. gr. Orðin í 2. málsg. »nje heldur má áfengisnautn fara fram« falli burt.
7. Við 34. gr. Fyrsta og annan málslið 3. málsg. skal orða þannig: -  
Dómsmálaráðherra er heimilt að skipa sjerstaka löggæslumenn, lög-reglustjórum til aðstoðar, eftir því sem fje er til veitt í fjárlögum. Hann fær þeim erindisbrjef, og má í því ákveða, að þeim skuli einnig skylt að vera lögreglustjóra til aðstoðar um önnur störf, auk gæslu þessara laga.
8. Við 36. gr. 2. Á eftir orðunum »fyrir borgun« komi: svo og þegar skipstjóri ber ábyrgð á broti skipverja, en er ekki við það riðinn að öðru leyti.
9. Við 46. gr. Fyrir »skal« komi: má.
10. Við 55. gr. Aftan við 1. málsgrein bætist: Svo skal og haldast óbreytt að því er þessi vín snertir það ákvæði, að skip má hafa til næstu hafnar bæfiflegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan, en aldrei má gefa eða selja af þeim forða öðrum en skipverjum, sbr. 3. gr. nefndra laga og tilvisun hennar til ákvæða nm þetta í þágildandi bannlögum.

Alþingi, 21. mars 1928.

Jóh. Jóhannesson.      Jón Þorláksson,  
frsm.